

Boðmerki


Boðmerkjum er ætlað að mæla fyrir um umferð.

Boðmerki skal vera hringlaga með hvítum jaðri og hvítu tákni á bláum fleti.

Akstursstefnumerki.


Merki þessi má aðeins nota þar sem mælt er fyrir um ákveðna akstursstefnu og má aðeins aka í þá átt eða þær áttir sem örin eða örvarnar benda.

Heimilt er að nota merkin  og  í stað merkjanna  eða  ef það er talið æskilegra.



Akbrautarkerki.

Merki þessi má nota til að benda öikumönnum á þá akbraut eða þann hluta akbrautar sem þeir skulu nota.

Þar sem merkið  er sett má aka þeim megin merkisins sem ökumaður kýs.



Hringakstur.



Merki þetta má nota við hringtorg og sýna örvarnar þá átt sem ekið skal í.

Hjólreiðastígur.



Merki þetta má nota við stíga sem hjólreiðamenn skulu nota en ekki aðrir ökumenn.

Gangstígur.



Merki þetta má nota við stíga sem gangandi vegfarendur skulu nota en ekki aðrir. Um heimild til að hjóla á gangstíg fer eftir umferðarlögum.

Gang- og hjólreiðastígur.



Merki þetta má nota við stíga sem gangandi vegfarendur og hjólreiðamenn skulu nota en ekki aðrir.

Aðgreindir gang og hjólreiðastígar.



Merki þetta má nota við aðgreinda stíga sem hvor um sig er með fullnægjandi breidd, annars vegar fyrir gangandi vegfarendur og hins vegar fyrir hjólreiðamenn sem þeir skulu nota en ekki aðrir. Stígur fyrir gangandi er til vinstri.

Aðgreindir gang og hjólreiðastígar.



Merki þetta má nota við aðgreinda stíga sem hvor um sig er með fullnægjandi breidd, annars vegar fyrir gangandi vegfarendur og hins vegar fyrir hjólreiðamenn sem þeir skulu nota en ekki aðrir. Stígur fyrir gangandi er til hægri.

Reiðvegur.



Merki þetta má nota við vegi sem reiðmenn skulu nota en ekki aðrir.